

AUGLÝSING**um gjald fyrir afnot stöðumælareita í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Á Tryggvagötu, Lækjargötu, Naustunum og Garðastræti verður gjald fyrir afnot stöðumælareita fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 12. jan. 1970.

Sigurjón Sigurðsson.

30. janúar 1970.

Nr. 31.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða nr. 158 10. ágúst 1966, og reglugerð nr. 131 11. september 1967 um breyting á þeirri reglugerð.****1. gr.**

1. gr. II. liðar reglugerðarinnar orðist svo:

Lyfjabúðir í Reykjavík skulu, auk framangreinds afgreizslutíma, vera opnar tvær saman eina viku í senn sem hér segir:

Mánudaga — fimmtudaga	kl. 18—23
Föstudaga	— 19—23
Laugardaga	— 12—23
Helgidaga og almenna frídaga	— 10—23
Aðfangadag og gamlárstag	— 12—23

Nánari reglur um skiptingu þessa afgreiðslutíma milli lyfjabúða setur landlæknir að fengnum tillögum Apótekarafélags Íslands.

2. gr.

1. gr. niðurlag III. liðar orðist svo:

Nætúrvarzla skal vera opin sem hér segir:

Mánudaga — föstudaga	kl. 23—9 næsta morgun
Laugardaga	— 23—10 — —
Helgidaga og almenna frídaga	— 23—10 — —
Aðfangadag og gamlárstag	— 23—10 — —

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 38. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast þegar gildi.

Í heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytinu, 30. janúar 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón Thors.